

*Tollflokkun

Úrskurður 11/2005

Kærð er endurupptaka tollstjóra þar sem hann endurákvæðar gjöld og breytir tollflokkun á hönskum sem fluttir voru inn á árunum 2001- 2003. Kærandi hafði tollflokkað hluta hanskanna sem rafsuðuhanska. Ríkistollanefnd féllst að hluta til á kröfur beggja aðila málsins.

Með bréfi, dags. 22. nóvember 2005, barst ríkistollanefnd kæra frá A., f.h. B. Kærður er úrskurður tollstjóra sem uppkveðinn var þann 29. ágúst 2005. Í nefndum úrskurði eru gjöld endurákvörðuð og tollflokkun breytt á nokkrum gerðum af leðurhönskum sem fluttir voru inn og tollflokkaðir sem "rafsuðuhanskar" í tnr. 4203.2901 og þeir flokkaðir í tnr. 4203.2909. Hinn kærði úrskurður er endurgerð á úrskurði tollstjóra frá 19. apríl 2004 en sá úrskurður var felldur úr gildi af ríkistollanefnd með úrskurði nefndarinnar nr. 6/2004. Fram kemur að upphafleg athugasemd tollstjóra hafi tekið til 31 vörusendingar en búið sé að leiðrétta 6 sendingar. Tollstjóri telur í endurákvörðun sinni að einungis hanskar sem framleiddir eru samkvæmt staðli EN407 og nefndir af seljanda "Heavy Welders" geti flokkast undir tnr. 4203.2901. Kærandi gerir kröfu um að hluti vörusendinganna verði flokkaður sem rafsuðuhanskar í tnr. 4203.2901.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra kemur fram að kæranda hafi verið tilkynnt að ákveðið hafi verið að endurupptaka málið með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum. Endurákvörðunin tekur til 25 vörusendinga af vinnuhönskum sem fluttir voru til landsins og tollafgreiddir með SMT-tollafgreiðslu á árunum 2001.2003. Sendingarnúmer hinna 25 sendinga eru eftirfarandi ásamt athugasemdum:

E-GOD 18 09 1 NO FRK W007

Tollfl. talin röng, var 4203.2901 verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO. Vara nr. 92.970310 er CN en uppruni annarra vara er IN.

E DET 08 10 1 NO FRK W002

Tollfl. talin röng, vara nr. NI11 sem var flokkuð í 4203.2901, verður 4203-2909. Vara nr. NI23 er rétt flokkuð í 4203.2901. Uppruni var ranglega sagður NO, en er í raun IN.

E GOD 16 10 1 NO FRK W007

Tollfl. talin röng, var 4203.2901 verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO, er í raun IN.

E DET 20 11 1 NO FRK W016

Tollfl. talin röng, var 4203.2901 verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO. Vara nr. 92.707,92 NIII og 92.NII2 er í raun IN, 92.931310 PT og 92.943310 LK.

E DET 21 01 2 NO FRK W007

Tollfl. talin röng. Var 4203.2901 verður 4203.2909. Uppruni rangur, var sagður NO. Vörun. 92.SVS100/3B er í raun CN, vörun. 92.FN100/03 TH en uppruni annarra vara IN.

E DET 19 03 2 NO FRK W012

Tollfl. talin röng. var 4203.2901 verður 4203.2909. Uppruni rangur, var sagður NO.Vörun. 92.323395 er í raun PK en uppruni annarra vara IN.

E DET 29 04 2 NO FRK W010

Tollfl. talin röng, var 4203-2901, verður 4203.2909. Vara nr. 92.N123-10 er þó rétt flokkuð í tnr. 4203-2901. Uppruni var sagður NO, sem er rangt. Uppruni vara nr. 92.931209 og 92.931310 er PT, vara nr. 92.94329 CN, vara nr. 92.943310 LK, en uppruni annarra vara en IN.

E DET 27 05 2 NO W004

Tollfl. talin röng var 4203-2901, verður 4203.2909. Uppruni var sagður NO sem er rangt. Upprunaland er IN.

E DET 23 07 2 NO FRK W005

Tollfl. talin röng, var 4203-2901, verður 4203.2909. Vara nr. 92.NI123-10 er þó rétt flokkuð í 4203-2901.

E DET 20 08 2 NO FRK W005

Tollfl. talin röng, var 4203-2901, verður 4203.2909. Uppruni rangur, var sagður NO en er í raun IN.

P 150 30 08 2 IS B13 4178

Tollfl. talin röng, var 4203-2901 verður 4203.2909. Uppruni rangur, var sagður NO, en er í raun IN.

P 150 09 09 2 IS B13 9880

Tollfl. talin röng, var 4203-2901 verður 4203.2909. Uppruni rangur, var sagður NO, en er í raun IN.

E DET 30 09 2 NO FRK W003

Tollfl. talin röng, var 4203.2901, verður 4203.2909. Vara nr. 92.N123-08/10 er þó rétt tollfl. í 4203.2901. Uppruni var ranglega sagður NO. Vörun. 92.FN100/03 er TH, vörun. 92.SVS100/3B CN en uppruni annarra vara er IN.

E GOD 05 11 2 NO FRK W002

Tollfl. talin röng, var 4203.2901, verður 4203.2409. Uppruni var ranglega sagður NO, en er í raun IN.

P 150 18 11 2 IS B18 4314

Tollfl. talin röng, var 4203.2901 verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO, en er í raun IN.

E DET 26 11 2 NO FRK W002

Tollfl. talin röng, var 4203.2901, verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO. Vara nr. 92.931209 er í raun PT, vara nr. 92.973310 LK en uppruni annarra vara er IN.

P 150 07 12 2 IS B20 3753

Tollfl. talin röng, var 4203.2901, verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO. Vara nr. 92.KH86, 92.806, 92.7212 og 92.SVS100 er í raun CN en uppruni annarra vara er NO.

E GOD 16 12 2 NO FRK W002

Tollfl. talin röng, var 4203.2901 verður 4203.2909. Vara nr. 92.2411CCF er þó rétt flokkuð í tnr.4203.2901. Uppruni var ranglega sagður NO. Vara nr. 9207070 og 10 er CN en önnur vara er IN.

E GOD 21 01 3 NO FRK W001

Tollfl. talin röng, var 4203.2901, verður 4203.2909, þó ekki vörur nr. 92.2411CCF og 2312CC8BC sem voru rétt flokkaðar. Uppruni var ranglega sagður NO. Vara nr. 92.KH86 og 92.806 er CN, vara nr.2312CC8BC F er NO en uppruni annarra vara er IN.

E GOD 18 02 3 NO FRK W007

Tollfl. talin röng, var 4203.2901 verður 4203.2909.

S ARN 08 03 3 NO MSS J593

Tollfl. talin röng, var 4203.2901, verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO. Vörur. 92.KH86 0 og 92.707 10 er CN en uppruni annarra vara er IN.

E GOD 18 06 2 NO FRK W002

Tollfl. talin röng, var 4203.2901 verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO, en er í raun IN.

P 150 28 09 2 IS B15 2436

Tollfl. talin röng, var 4203-2901 verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO, en er í raun IN.

P 150 22 04 1 IS B05 3152

Tollfl. talin röng, var 4203-2901 verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO, en er í raun IN.

P 150 10 05 1 IS B06 3486

Tollfl. talin röng, var 4203.2901 verður 4203.2909. Uppruni var ranglega sagður NO, en er í raun IN.

Tollskrárnúmer 4203.2901 ber 24,5% virðisaukaskatt en ekki önnur gjöld. Tollskrárnúmer 4203.2909 ber 24,5% virðisaukaskatt og 15% toll. Á ofangreindum sendingum, þar sem tilgreint var rangt upprunaland vörunnar við tollafgreiðslu og varan tollflokkest í tnr. 4203.2909, ber að greiða 15% toll auk virðisaukaskatts.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að ágreiningur sé um túlkun á tollskrárnúmerinu 4203.2901, sem ber ekki toll, en almennir öryggishanskar úr leðri tollflokkest hins vegar í tnr. 4203.2909 sem ber 15% toll, nema að gerður hafi verið fríverslunarsamningur milli Íslands og framleiðslulands vörunnar. Tollstjóri segir að tollskrárnúmerið 4203.2901 sé undirnúmer sem innleitt hafi verið snemma á áttunda áratugnum, fyrir röntgen- og rafsuðuhanska. Líklegt verði að telja að ekki hafi verið mikið úrval af rafsuðuhönskum í boði þegar tollskrárnúmerið tók gildi. Á þeim tíma hafi eftir því sem best er vitað, rafsuðuhanskar verið gerðir úr þykku

uxaskinni, þriggja þumla og c.a. 8" háir frá úlnlið. Hanskarnir veittu öfluga vörn gegn hita, suðuslettum og útfjólubláum geislum. Telja megi víst að þessi gerð af hönskum hafi verið höfð til hliðsjónar þegar tollskránumérið 4203.2901 var tekið upp í tollskránni.

Þá segir í úrskurði tollstjóra að innflytjandi geri kröfu um að tollflokkun á hönskum samkvæmt gerðarnúmerum 92-N177/3-10, 92-N177/5-10, 92-N178/3-10, 92 N178/5-10, 92-NI/781/3-10, 92-707-7-8-9-10, 92-N112-8 og 10 og 92-N142-8-10 verði látin standa óbreytt í tnr. 4203.2901.

Hanskar nr. 92-N177/3-10, "Combination Gloves", samkvæmt yfirlýsingu seljanda, séu 5 fingra hanskar gerðir úr uxarúskinni, fóðraðir með bómullarefni. Hanskarnir séu 3" háir frá úlnlið. Varan er framleidd samkvæmt staðli EN420.

Hanskar nr. 92-N177/5-10, "Combination Gloves" eru samkvæmt yfirlýsingu seljanda 5 fingra, gerðir úr uxarúskinni og fóðraðir með bómullarefni. Þeir eru 5" háir frá úlnlið. Varan er framleidd samkvæmt staðli EN420.

Hanskar nr. 92-N178/3-10, "Combinatoin Gloves" eru samkvæmt yfirlýsingu seljanda 5 fingra, gerðir úr uxaskinni en efri hluti úr rúskinni og fóðraðir með bómullarefni. Þeir eru 3" háir frá úlnlið. Varan er framleidd samkvæmt staðli EN420.

Hanskar nr. 92-N178/5-10, "Combination Gloves" eru samkvæmt yfirlýsingu seljanda 5 fingra, gerðir úr uxaskinni en efri hluti úr rúskinni og fóðraðir með bómullarefni. Þeir eru 5" tommu háir frá úlnlið. Varan er framleidd samkvæmt staðli EN420.

Hanskar nr. 92-N1781/3-10, "Combination Gloves" eru samkvæmt yfirlýsingu seljanda 5 fingra, handflötur gerður úr uxaskinni en yfirhluti úr rúskinni. Þeir eru 3" háir frá úlnlið. Varan er framleidd samkvæmt staðli EN420.

Hanskar nr. 92-N1707-7-8-9-10, "Light Welders" eru samkvæmt yfirlýsingu seljanda, 5 fingra og gerðir úr geitaskinni. Þeir eru með taustroffi. Varan er framleidd samkvæmt staðli EN420. Í vörulista seljanda er þessi gerð af hönskum nefnd "Monteringshandske".

Hanskar nr. N112-8-10, "Light Welders" eru samkvæmt yfirlýsingu seljanda 5 fingra og gerðir úr geitaskinni. Þeir er c.a. 3" háir frá úlnlið. Varan er framleidd samkvæmt staðli EN420. Í vörulista seljanda er þessi gerð af hönskum nefnd "Monteringshandske".

Hanskar nr. N1142-8-10, "Light Welders" eru samkvæmt yfirlýsingu seljanda 5 fingra og gerðir úr uxaskinni. Þeir eru c.a. 2" háir frá úlnlið. Varan er framleidd samkvæmt staðli EN420. Í vörulista seljanda er þessi gerð af hönskum nefnd "Monteringshandske".

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að rangar upplýsingar innflytjanda varðandi upprunaloð hafi leitt til lægri gjaldtöku þegar varan var tollafgreidd. Athugasemdir við tollflokkun, samkvæmt ofangreindum athugasemdum, séu byggðar á túlkunarreglum nr. 1 og 6 við tollskrána. Í túlkunarreglu nr. 1 segir að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu nr. 6 segir að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirlíði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirlíðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirlíði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirlíðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Þá segir að innflytjanda hafi verið gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem kynnu að skipta máli. Í bréfi sem embættinu hafi borist frá honum komi fram mótmæli við fyrirhugaða endurákvörðun. Þar sé tekið fram að hanskar af gerðinni 92 N177/3-10, 92 N177/5-10, 92 N178/3-10, 92 N178/5-10, 92 N1781/3-10, 92 707 stærðir, 7,8,9 og 10, 92 N112, stærðir 8 og 10 og 92 N1142, stærðir 8-10 séu nær eingöngu seldir til járn, skipa og áliðnaðarins og séu notaðir við hefðbundna rafsúðu og tikksúðu. Þá hafi innflytjandi bent á að hanskar nr. 92.N1123, sem hafi fram til þessa verið viðurkenndir sem rafsúðuhanskar, hafi verið felldir út af línu framleiðandans en 92 707 og 92 N1142 komið í þeirra stað. Ennfremur (er) að allir hanskar af þeirri gerð, sem nefndir séu hér að ofan, uppfylli sömu skilyrði um hitapol og hanskar með gerðar-númerinu EN407 og í því sambandi vísað til bréfs framleiðanda, dags. 25.10.2004. Ennfremur kemur fram að starfsmenn tollstjórans í Reykjavík hafi skoðað flestar vörusendingar sem hann tollafgreiddi árið 2002 og því hafi hann talið að hann væri á réttri leið hvað tollflokkun varðaði.

Að lokum segir orðrétt í bréfi innflytjanda "*Í skýringum við kafla 42 og undirlíði hans eru hvergi neinar athugasemdir eða orðalag um hvaða skilyrði eða staðla hanskar þurfi að uppfylla til þess að teljast rafsúðuhanskar og verður ekki séð að tilvísun í túlkunarreglur tollskrárinnar skýri það neitt frekar.*"

Þar sem þær upplýsingar sem fyrir lágu frá seljanda virtust ekki vera í fullu samræmi við vörukynningu á heimasíðu fyrirtækisins óskaði tollstjóri efir nánari skýringum með bréfi, dags. 22. apríl 2005. Fulltrúi innflytjanda afhenti yfirlýsingu frá seljanda 24. maí 2005.

Samkvæmt yfirlýsingunni er rafsuðuhönskum fyrirtækisins skipt í þrjá eftirfarandi flokka.

Heavy Welders:

Model nr. 92.N122, 92.N123, 92.N124, 92.N132, 92.411, 92.NG23, 92.NG24, 92.NG26, 92.NG32 og 92.NG41.

Seljandi lýsir yfir að hanskar með ofangreindum gerðanúmerum séu framleiddir samkvæmt Evrópustaðli EN.407.

Combination Gloves:

Model nr. 92.N177/3, 92.N177/5, 92.N178/3, 92.N178/5, og 92.N181/3, eru rafsuðuhanskar úr leðri framleiddir, samkvæmt staðli EU 89/686/EF.

Light Welders:

Model nr. 92.N113, 92.N112 og 92.N1707 eru rafsuðuhanskar úr geitaskinni, framleiddir samkvæmt staðli EU 89/686/EF.

Hanskar, sem eru framleiddir samkvæmt Evrópustaðli EN420, verða að uppfylla almennar kröfur um flestar gerðir af öryggishönskum. Eftirfarandi upplýsingar verða að vera til staðar:

1. Framleiðslu, pökkun og merkingar.
2. Tegund og hönnun.
3. Viðhald og umgjörð.
4. Stærð.
5. Áhættulaust skal vera að nota vöruna t.d. er gerð krafa um P.H. og krómínihald.
6. Upplýsingar skulu liggja fyrir varðandi geymsluaðferðir.

Hanskar sem framleiddir eru samkvæmt Evrópustaðli EN407, eru hitabólnir, gerðir úr vönduðu rúskinni og CE merktir í áhættuflokk III. Þeir verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Vörn gegn opnum eldi 0-4.
2. Vörn gegn snertihita 0-4.
3. Vörn gegn hitagegnstreymi 0-4.
4. Vörn gegn geislahita 0-4.
5. Vörn gegn suðuslettum.
6. Vörn gegn fljótandi járn 0-4.

Hanskar af gerðinni Combination Gloves og Light Welders eru vafalaust, eins og innflytjandi bendir á, notaðir í járn-, skipa- og áliðnaðinum en líklegt verður að telja að þeir séu aðallega notaðir við rafsuðu með hlífðargasi, þ.e. tig, mig og mag suðu.

Innflytjandi segir í bréfi sínu að hanskar nr. N1123 séu ekki lengur í boði hjá seljanda en 92.707 og 90.N1142 hafi komið í þeirra stað.

Í yfirlýsingu seljanda er hanska nr. N1142 ekki getið en hanskar nr. 92.707 eru sagðir "Light Welders" EN420 og CE merktir í 1. áhættuflokk.

Þá segir í hinni kærðu endurákvörðun tollstjóra að það sé álit embættisins að tollskrárnúmerið 4203.2901 beri að túlka þröngt. Hanskar sem nefndir séu "Combination Gloves" og "Light Welders" séu, eftir því sem best verður séð, almennir öryggishanskar þrátt fyrir að vera notaðir í einhverjum mæli við léttu rafsuðu t.d. tig-suðu. Tollstjóri telur að það verði að vera hafið yfir allan vafa að rafsuðuhanskar sem flokkaðir séu í tnr. 4203.2901 uppfylli ítrustu öryggiskröfur. Hann telur að hanskar verði að vera CE merktir í þriðja áhættuflokk og að þeir verði að uppfylla Evrópustaðal EN407 til að tollflokkast í tnr. 4203.2901. Aðeins hanskar sem nefndir eru "Heavy Welders" í yfirlýsingu seljanda uppfylli þær kröfur.

Þá segir að ekki hafi tekist að fá staðfestingu frá tollstjóranum í Reykjavík varðandi vöruskoðun sendinga á árinu 2002 en innflytjandi heldur því fram að sendingar hafi verið skoðaðar af starfsmönnum tollstjóra og hann því verið í góðri trú um að tollflokkun hafi verið rétt. Þá hafi innflytjandi ekki leitað eftir bindandi áliti tollstjóra um tollflokkun, samkvæmt 142. gr. tollalaga, þrátt fyrir að hafa ítrekað verið bent á þann kost.

Að lokum segir að úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda sé byggður á 1. mgr. og 3. tl. 5. gr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Alls nema kröfur tollstjóra 1.437.152. kr.

Kröfur kæranda eru þær helstar að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi að hluta þannig fallist verði á að eftirfarandi gerðanúmer vörunnar falli undir tollskrárnúmer 4203.2901: 92. N177/3-10, 92. N177/5-10, 92. N178/3-10, 92. N178/5-10, 92. N1781/3-10, 92.707 stærðir 7,8,9,10. 92.N112 stærðir 8,10. 92. N1142 stærðir 8,10.

Kærandi vísar til bréfs síns til ríkistollanefndar, dags. 2. nóvember 2004, í máli nr. 6/2004 og telur að efni þess eigi við að mörgu leyti (við) í máli þessu. Auk þess er vísað í bréfi umbjóðanda kæranda til bréfs tollstjórans í Hafnarfirði, dags. 7. mars 2005, þar sem boðaðri endurákvörðun er andmælt.

Kærandi telur að röksemdir tollstjóra séu torkennilegar og vægast sagt ósannfærandi. Hann furðar sig á því að tollstjóri túlki tollskrárnúmerið 4203.2091 þröngt án þess að rökstyðja það frekar. Af hverju á að túlka það þröngt spyr kærandi. Ætti ekki einmitt að túlka það vítt greiðendum aðflutningsgjalda í hag eða a.m.k. samkvæmt orðanna hljóðan.

Í öðru lagi telur hann eðlilega túlkun tollnúmers sem ber heitið „Röntgen-og rafsuðuhanskar“ vera augljóslega þá að hanskar sem notaðir séu við rafsuðu falli undir númerið. Tollstjóri hafi hins vegar, algerlega án rökstuðnings, ákveðið að ekki sé nóg að um sé að ræða hanska sem notaðir séu við rafsuðu heldur þurfi að vera um að ræða „Heavy Welders“ hanskar sem falli í þriðja áhættuflokk og uppfylli Evrópustaðal EN407. Kærandi telur að rökstuðning vantí fyrir þessari niðurstöðu tollstjóra. Hvort sem beitt sé þröngri, víðri eða túlkun samkvæmt orðanna hljóðan þá hljóta hanskar sem notaðir séu til rafsuðu hvort sem um er að ræða létta eða þunga að falla undir þennan flokk hanska. Allt annað sé rökleysa. Tollstjóri hafi enga heimild samkvæmt lögum eða lögskýringum til þess að halda öðru fram. Ef hanskar til léttrar rafsuðu hefðu átt að vera undanskildir hefði það einfaldlega þurft að koma fram með skýrum hætti.

Í þriðja lagi veltir kærandi því fyrir sér hvernig greiðendum aðflutningsgjalda á að vera ljós slík langsótt túlkun tollyfirvalda. Hefði innflytjandi átt að gera sér grein fyrir því að ákveðin tegund rafsuðuhanska ætti ekki að falla undir þann flokk að teljast rafsuðuhanskar? Í því ljósi telur hann forvitnilegt að skoða meðferð tollyfirvalda við skoðun á tollvarningi. Í hinum kærða úrskurði komi fram að ekki hafi tekist að fá staðfestingu frá tollstjóranum í Reykjavík varðandi vöruskoðun hjá innflytjanda árið 2002 og innflytjandi hafi ekki bent á sérstök sendingarnúmer máli sínu til stuðnings.

Kærandi telur ótrúlegt að þetta skuli vera rök í málinu, það að tollstjóra hafi ekki tekist að fá staðfestingu frá tollstjóranum í Reykjavík á þessu. Í hvaða stöðu er þá umbjóðandi minn spyr kærandi. Á hann þá bara að sætta sig við niðurstöðu sýslumanns af því að honum tókst ekki á heilu ári frá því úrskurður ríkistollanefndar féll að afla þessara gagna frá tollstjóranum í Reykjavík. Þessir samskiptaörðugleikar embættanna koma umbjóðanda okkar ekkert við. Í gögnum máls fyrir ríkistollanefnd á síðasta ári voru lögð fyrir gögn er staðfestu vöruskoðun vörunnar og hér í þessu máli leggur umbjóðandi minn jafnframt fram staðfestingu á að þessar sendingar voru skoðaðar, sbr. meðfylgjandi beiðnir. Eins og sjá má er um að ræða skjöl frá tollstjóranum í Reykjavík. Bera þarf saman sendingarnúmer Sjá má að margar af þeim sendingum sem um ræðir voru skoðaðar án athugasemda af tollyfirvöldum.

Þá segir að í fjórða lagi ákveði tollstjóri að fara aftur í tímann þegar umræddu tollskrárnúmeri var bætt í tollskrána og staðhæfi án frekari rökstuðnings að í þá daga hafi einungis verið til ein tegund rafsuðuhanska og telja megi því víst að sú gerð hafi verið höfð í huga. Kærandi treystir sér ekki að fara í sögu rafsuðuhanska en leyfir sér að fullyrða að ekki hafi hann séð slíka lögskýringu áður. Er þá hægt að halda því fram (að) með sömu rökum að nýjar tegundir varnings beri ekki aðflutningsgjöld vegna þess að slíkur varningur hafi ekki verið hafður í huga við gerð tollskrár? Það gefur auga leið að þessi rökstuðningur er fráleitur. Ef fram koma á sjónarsviðið nýir hanskar sem notaðir eru við rafsuðu þá teljast þeir rafsuðuhanskar og falla undir það tollskrárnúmer.

Í fimmta lagi benti umbjóðandi minn sérstaklega á að í stað hanska 92. N123 hafi komið hanskar 92. 707 og 92. N112 en fyrst nefnda vörunmerkið var felld úr línu framleiðandans. Tollyfirvöld höfðu samþykkt 92. N123 sem rafsuðuhanska en síðan ekki vöruna sem kemur beinlínis í staðinn fyrir þá vöru. Sýslumaður gerir ekki tilraun til þess að rökstyðja ástæðu þessa. Það getur hvorki uppfyllt kröfur stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 22. gr., né verður rökstuðningur sýslumanns að öðru leyti sannfærandi í þessu ljósi.

Samkvæmt framansögðu er þess krafist að tollflokkun tilgreindra rafsuðuhanska fái að standa óbreytt enda óumdeilt samkvæmt framansögðu að um er að ræða rafsuðu-hanska og þess vegna rökleysa að fella slíka hanska ekki undir tollskrárnúmer 4203.2901 er ber heitið „Röntgen-og rafsuðuhanskar“.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kæran til umsagnar með bréfi, dags. 22. nóvember 2005 og var veittur frestur til 16. desember 2005. Embættið óskaði eftir frekari fresti og var hann veittur til 10. janúar 2006. Í greinargerð tollstjóra er vitnað til fyrri greinargerðar embættisins í máli því sem úrskurðað var í úrskurði 6/2005 og þykir nefndarmönnum því rétt að birta þá greinargerð að hluta til líka.

Í greinargerð tollstjóra frá 6. júní 2004 segir m.a. að ekki sé neina skilgreiningu að finna í tollskránni sjálfri á hugtökunum röntgenhanski eða rafsuðuhanski. Þennan texta sé eingöngu að finna við íslenskar undirskiptingar í skránni og eigi sér því ekki fyrirmyndir í texta hins alþjóðlega samnings um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá, samræmdri tollskrá, sem Ísland er aðili að og íslenska tollskráin byggir á, né heldur í skýringarritum Alþjóðatollastofnunarinnar (World Customs Organization (WCO)) sem hefur umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hefur í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans (Explanatory Notes).

Þá segir að þessi tollskrárnúmer hafi orðið til vegna vilja stjórnvalda til þess að verða við beiðni hagsmunaaðila um að lækka aðflutningsgjöld á þessum tilteknu persónuhlífum umfram aðrar vegna þess að þær, eðli síns vegna, eru dýrari en venjulegar hlífar almenns eðlis og jafnframt skilyrði vinnu við tilteknar aðstæður.

Í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum hafi Alþingi falið félagsmálaráðherra að setja nánari reglur um hlífðarbúnað. Stjórnvöld hafi gefið út slík fyrirmæli um geislavarnir, m.a. reglugerð nr. 640/2003 um geislavarnir vegna notkunar röntgentækja, annarra en tannröntgentækja, við læknisfræðilega geislun. Greinar 56 til 59 taka m.a. til geislavarna starfsfólks og er þar tekið fram að nota skuli blýhanska ef nauðsynlegt er. Jafnframt er tekið fram, í b lið 59. gr. að blýgúmmihanskar skuli hafa blýgildi minnst 0,25 mm og jafnframt að á hönskunum skuli greinilega koma fram hvert blýgildi þeirra sé. Í 2. gr. reglugerðarinnar er eftirfarandi skilgreining á blýgildi:

„*Blýgildi*: Blýgildi skermunar er sú þykkt af blýi sem deyfir geislun jafn mikið og skermunin. Blýgildi skermunar breytist með þykkt hennar, orku geislunar og stærð geislasviðsins.” Röntgenhanskar eru því eingöngu þeir hanskar sem eru sérstaklega gerðir og framleiddir til að fullnægja slíkum skilyrðum stjórnvalda um varnir gegn röntgengeislun.

Að sama skapi, segir tollstjóri, geti eingöngu þeir hanskar talist rafsuðuhanskar sem sérstaklega séu gerðir og framleiddir sem slíkir. Allir aðrir hanskar, þ.m.t. logsuðuhanskar, lóðningarhanskar, hitaþolnir málmbræðsluhanskar og almennir vinnuhanskar geti ekki talist rafsuðuhanskar.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að stjórnvöld hafi einnig sett reglur um notkun og gerð persónuhlífa. Með reglum nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa sé meðal annars ákvæði í 4. gr. um að persónuhlífar skuli uppfylla gildandi reglur á evrópska Efnahagssvæðinu og að allar persónuhlífar verði að „henta til varnar þeirri áhættu sem um er að ræða án þess að þær leiði sjálfar til aukinnar áhættu.” Nánari útfærsla á því hvað í þessu felst er svo að finna í reglum nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa. Þær reglur gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Í þessum reglum sé m.a. að finna ákvæði í 14. gr. um að framleiðandinn skuli útbúa notkunarleiðbeiningar sem skulu fylgja þeim persónuhlífum sem hann setur á markað með upplýsingum m.a. um gagnsemi þeirra og hve mikla vernd þau veita.

Síðan segir í greinargerð tollstjórans að efnislegur ágreiningur sé um tollflokkun vörunnar. Kærandi fari fram á að tilteknar gerðir leðurhanska verði tollflokkaðar sem rafsuðuhanskar þar sem þeir hanskar séu nær eingöngu seldir til járníðnaðarins, skipaiðnaðarins og áliðnaðarins. Til stuðnings kröfu sinni hefur kærandi lagt fram ódagsett bréf frá framleiðanda hanskanna í Noregi, fyrirtækinu Norhand. Í bréfinu gefi framleiðandinn upplýsingar um hanska og fót gerð til iðnaðarsuðu „industrial welding” og skiptir þar hönskunum í þrjá flokka. Þeir hanskar sem hér um ræðir flokkast í síðustu tvo flokkana.

Framleiðandinn birtir upplýsingar um framleiðslu sína og fleira á heimasíðu sinni, <http://www.norhand.no>. Þær upplýsingar sem þar koma fram eru ekki alveg í samræmi við bréf það sem kærandi hefur framvísað. Á heimasíðunni er m.a. að finna merkingar verndarhanska samkvæmt Evrópustöðlum, t.a.m. staðli nr. EN 407 um hitaþolna hanska sem meðal annars verja gegn suðuslettum.

Eins og fyrr segir er hönskum skipt í þrjá flokka í bréfi framleiðandans. Enginn þeirra hanska sem hér um ræðir fellur í fyrsta flokkinn sem þar er talinn upp, þ.e. hitaþolna hanska. Á heimasíðunni kallast þeir „varmebestandige hansker” og eru allir CE merktir í III. áhættuflokk, þ.e. mikil áhætta, með merki um að þeir uppfylli bæði staðal EN 388 um vörn gegn sárum af völdum véla s.s. vegna núnings, stungu, skurðar eða bits, og staðal EN 407 um vörn gegn hita og eldi.

Annar flokkur hanska í bréfinu er sagður vera suðuhanskar fyrir „Tig, Mig, Mag etc.” (rafsuðuaðferðir með hlífðargasi). Þessir hanskar falla undir flokk hanska sem á heimasíðu framleiðandans kallast „Arbeidshansker montering”, þeir eru CE merktir í I. áhættuflokk, þ.e.

lítill áhætta, með merki um að þeir uppfylli staðal EN 420 um almennar kröfur sem gerðar eru til varnarhanska. Sumir hanskana í þessum flokki framleiðandans eru með „stretch“ efni í handarbaki eða úr bómull eða með textílstroffi eins og ein gerðin sem kærandi vill flokka sem rafsuðuhanska. Ekki verður séð að slíkir hanskar veiti fullnægjandi vörn gegn þeim hættum sem stafa af vinnu við rafsuðu, t.a.m. húðbruna af völdum geislunar frá rafbognum (welding arc) eða bruna af völdum neistaflugs.

Þriðji flokkur hanska í bréfinu er sagður vera venjulegir suðuhanskar fyrir venjulega iðnaðarsuðu. Þeir hanskar falla undir flokk hanska sem á heimasíðu framleiðandans kallast „Arbeidshansker kombi“, og líkt og annar flokkurinn eru þeir CE merktir í I. áhættuflokk, með merki um að þeir uppfylli staðal EN 420 um almennar kröfur sem gerðar eru til varnarhanska. Í þessum flokki eru nokkrar gerðir leðurhanska og einungis þrjár þeirra eru kynntar sem suðuhanskar (argonhanske og sveisehanske). Þær gerðir sem kærandi vill flokka sem rafsuðuhanska eru ekki þessar þrjár heldur aðrar sem verða því að teljast venjulegir fjölnota leðurvinnuvettlingar.

Með vísan til þess er að ofan greinir krefst tollstjóri að endurákvörðun tollstjórans í Hafnarfirði verði látin standa óbreytt.

Í greinargerð sinni um kæru þá sem nú er til meðferðar hjá ríkistollanefnd segir tollstjóri að óljóst sé um hversu háum öryggisstaðli rafsuðuhanskar eigi að vera og ekki sé til nein útlistun á því hvað sé í raun rafsuðuhanski og því sé að nokkru leyti hægt að taka undir með kæranda um að sú ákvörðun tollstjórans í Hafnarfirði að túlka flokkun í númerið þröngt sé hæpin. Þá segir í greinargerðinni að í 42. kafla tollskrár séu m.a. vörur úr leðri. Fatnaður úr leðri, þ.m.t. hanskar flokkist í vörulið 4203. Til að geta talist vara úr leðri í þeim vörulið þurfi leðrið að einkenna viðkomandi vöru, sbr. túlkunarreglu 3 b. Sem dæmi megi nefna að hanski sem sé úr leðri í lófa en handarbak og stroff séu úr spunaefni sé tollflokkaður sem hanski úr leðri þótt yfirborð spunaefnisins sé meira. Lófinn leggist um verkefnið og sé því látinn stjórna tollflokkinum.

Þá segir að vinnuvettlingar úr leðri flokkist í HS undirlið 4203.29 (en) og sé síðan skipt í umdeildar íslenskar skiptingar. Ef vinnuvettlingar úr leðri en jafnframt með stroffi og eða handarbaki úr spunaefnum flokkist í tnr. 4203.2901 megi spyrja hvaða vinnuvettlingar flokkist í tnr. 4203.2909? Tollstjóri telur það gefa augaleið að löggjafinn hafi gefið sér ákveðnar öryggisforsendur fyrir slíkri skiptingu þó þær sjáanlega hafi ekki verið settar fram með nákvæmum hætti. Tollstjóri telur að slíkir hanskar séu ekki fullnægjandi vörn gegn þeim hættum sem stafa af rafsuðu, s.s. bruna af gjalli. Hann gerir því þá kröfu að hinn kærði úrskurður tollstjórans í Hafnarfirði standi óbreyttur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda með ábyrgðarpósti þann 17. janúar 2006 og var kæranda veittur frestur til andsvara til 3. febrúar 2006. Engin andsvör bárust frá kæranda til nefndarinnar.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir málsskjöl, kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram og aflað gagna. Deilt er um tollflokkin á leðurhönskum sem fluttir hafa verið til landsins sem rafsuðuhanskar í tnr. 4203.2901.

Við vinnslu úrskurðar ríkistollanefndar nr. 6/2005 leitaði nefndin eftir því við tollstjórnann í Reykjavík að hann upplýsti hvort til væri skilgreining á því hvað hanski þyrfti að hafa til að bera svo hann geti flokkast sem röntgen- eða rafsuðuhanski í tnr. 4203.2901. Í svari tollstjóra segir að ekki sé til nein lýsing/skilgreining á rafsuðuhönskum hvorki í tollskrá né í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með reglum nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa sé meðal annars ákvæði í 4. gr. um að persónuhlífar skuli uppfylla gildandi reglur á evrópska efnahagssvæðinu og að allar persónuhlífar verði að „henta til varnar þeirri áhættu sem um er að ræða án þess að þær leiði sjálfar til aukinnar áhættu

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir að framleiðandi vörunnar flokki hana í þrjá flokka. Í flokk sem hann kallar “ **Heavy Welders**” fara gerðir nr. 92.N122, 92.N123, 92.N124, 92.N132, 92.411, 92.NG23, 92.NG24, 92.NG26, 92.NG32 og 92.NG41.

Þessir hanskar eru framleiddir samkvæmt Evrópustaðli EN.407.

Þá eru hanskar sem framleiðandi nefnir “ **Combination Gloves**”: gerð nr. 92.N177/3, 92.N177/5, 92.N178/3, 92.N178/5, og 92.N181/3, sagðir rafsuðuhanskar úr leðri og framleiddir samkvæmt staðli EU 89/686/EF.

Í þriðja lagi eru hanskar sem framleiðandi nefnir **“Light Welders”**: Gerð nr. 92.N113, 92.N112 og 92.N1707 sagðir rafsuðuhanskar úr geitaskinni, framleiddir samkvæmt staðli EU 89/686/EF.

Að mati tollstjórans í Hafnarfirði er forsenda fyrir flokkun hanska í tnr. 4203.2901 sú að hanskanir uppfylli kröfur samkvæmt Evrópustaðli EN407, (Heavy Welders) séu hitapolnir, gerðir úr vönduðu rúskinni og CE merktir í áhættuflokk III.

Í tilvitnuðum EN 407 staðli er lýst kröfum, prófunaraðferðum og merkingum á hönskum sem ætlað er til hlífðar gegn varma og/eða eldi. Staðalinn skyldi nota fyrir alla hanska þar sem ætlast er til verndunar gegn varma eða eldi á eftirfarandi formi (um): eldi, snertivarmi, varmastreymi, geislunarvarmi, litlum slettum glóandi málms eða stærri slettum glóandi málms.

Í vinnureglum Evrópusambandsins (SI 1992/2966) um persónuhlífar samkvæmt tilskipun 89/686/EEC eru vörur skilgreindar í þrjá flokka:

- I. Einföld hönnun. (Simple design)
Aðeins fyrir minnstu áhættu. Þar sem áhrifa hættunnar gætir hægt vaxandi og getur auðveldlega verið auðkennd af notandanum. CE merking er aðeins með CE merkinu.
- II. Meðalhönnun. (Intermediate design)
Vörurnar eru háðar gerðarviðurkenningu þar sem krafist er viðurkennds aðila í landinu sem staðfestir tæknileg gögn og framkvæmir test til þess að sannreyna samhæfi við viðeigandi evrópska staðla. CE merking er aðeins með CE merkinu.
- III. Flóknari hönnun. (Complex design)
Fyrir vörur sem eru hannaðar til verndar óafturkræfum skaða eða banvænni hættu. Vörurnar eru háðar gerðarviðurkenningu þar sem krafist er viðurkennds aðila í landinu og að auki skuli uppfylla CE gæðastaðla sem gætu krafist framleiðslu samkvæmt samþykktu gæðakerfi eða undir eftirliti viðurkennds aðila.

Viðurkenndir aðilar eru tilnefndir í hverju landi af viðeigandi stjórnvöldum og eru viðurkenndir til þess að sannreyna CE merkingar vara og gæðaeftirlits.

CE viðurkenning samanstendur af prófunum sem skilgreindar eru í viðeigandi Evrópustaðli sem eru framkvæmdar í tilraunastofum. Áður en persónuhlífin er sett á markað eða í notkun er nauðsynlegt að staðreyna hvaða CE staðal varan verði að uppfylla og meta hvort varan henti nákvæmlega notandanum.

CE merking samanstendur af CE merkinu, áhættuflokkun og númeri viðurkennds aðila.

Að mati nefndarinnar er rétt að miða við staðal EN 407 og vinnureglu SI 1992/2966 flokk I til III eða aðra sambærilega staðla. Þar er lýst hönskum sem veita vernd og eru framleiddir undir eftirliti viðurkenndra aðila í hverju landi og eru líkastir þeim hönskum sem almennt eru notaðir sem rafsuðuhanskar í atvinnuskyni.

Rétt er að minna á að tollskrárnúmerið 4203.2901 er sérstakt undirnúmer sem tekið var upp sérstaklega í íslensku tollskrána vegna röntgen- og rafsuðuhanska. Það er hins vegar engin skilgreining til á hugtakinu rafsuðuhanski í tollskránni. Við rafsuðuvinnu myndast varmi, neistar og útfjólubláir geislar sem geta valdið húðbruna. Þessu til varnar hafa verið framleiddir sérstakir hanskar úr skinni (hita- og eldtefjandi efni). Hlífðarhanskar við rafsuðuvinnu eru mismunandi allt eftir eðli og umfangi rafsuðunnar. Hefðbundnir þriggja fingra hanskar sem notaðir eru við svokallaða "pinna rafsuðu" eru ekki heppilegir fyrir svokallaða "TIG" eða "MIG" rafsuðu þar sem heppilegra er að nota þynnri og liprari hanska. Af því leiðir að rafsuðuhanskar eru mismunandi að gerð allt eftir því hvaða suðuaðferð er notuð. Nefndarmenn eru sammála því álitu sem fram kemur í greinargerð tollstjórans í Reykjavík í máli þessu að eingöngu þeir hanskar geti talist rafsuðuhanskar í skilningi tollskrárlaga sem sérstaklega séu framleiddir, viðurkenndir og seldir sem slíkir.

Nefndarmenn telja að tímabært sé að sett séu ákveðin viðmið um hvaða skilyrði rafsuðuhanskar skuli uppfylla til að geta flokkast sem rafsuðuhanskar í tnr. 4203.2901. Nefndarmenn telja að miða beri við Evrópustaðal EN 407. Í tilskipun 89/686/EEC um kröfur til persónuhlífa, sem tekin var upp hér á landi í reglum 501/1994 um gerð persónuhlífa, er kveðið á um að staðallinn EN 407 skuli notaður við skilgreiningar á persónuhlífum sem ætlað er til notkunar við rafsuðuvinnu meðal annars.

Þegar litið er til þess að kærandi virðist hafa flutt tilgreinda hanska til landsins um árábil í tnr. 4203.2901 án athugasemda af hálfu tollyfirvalda, og jafnframt ef horft er til þess að tollyfirvöld hafa hingað til ekki mótað neinar viðmiðunarreglur um það hvaða vörur skuli flokka í tnr. 4203.2901 þykir ríkistollanefnd ekki rétt að endurákvæða gjöld vegna innflutnings kæranda á rafsuðuhönskum sem fluttir voru inn og tilgreindir eru sem slíkir á vörureikningum. Þetta á eingöngu við um þann innflutning sem átti sér stað fyrir athugasemdir tollstjórans í Hafnarfirði við innflutninginn.

Með vísan til. 1. mgr. 118. gr. tolllaga nr. 88/2005 úrskurðar ríkistollanefnd að einungis hanskar sem uppfylla þær kröfur að falla undir staðal EN407, og eru CE merktir, flokkist sem rafsuðuhanskar í tnr. 4203.2901. Endurákvörðun gjalda á rafsuðuhönskum sem fluttir voru til landsins fyrir athugasemd tollstjóra er felld úr gildi, enda hafi varan verið tilgreind sem rafsuðuhanskar á vörureikningi.